

**Ed.**

## **122. Frumvarp til laga**

[100. mál]

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7/1972, lög nr. 60/1973, lög nr. 10/1974 og lög nr. 11/1975.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

### **1. gr.**

Við löginn bætist nýtt ákvæði er orðist svo:

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Við eignarskattsálagningu fyrir skattárið 1975 skal verðmæti fasteigna til eignarskatts reiknað á 2,7-földu gildandi fasteignamatsverði, þrátt fyrir ákvæði A-liðar 22. gr. laga nr. 68/1971. Ákvæði þessi hafa eigi áhrif á heildarfyrningarverð fasteigna, sbr. lokamálsgrein B-liðar 15. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 3. gr. laga nr. 60/1973.

Fjárhæðir í skattstiga í 1. tl. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, hækki þannig að af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign greiðist enginn skattur, af næstu 1 500 000 kr. skattgjaldseign greiðist 0,6% og af þeirri skattgjaldseign sem þar er fram yfir greiðist 1%.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda við álagningu eignarskatts gjaldárið 1976.

#### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1976 er gert ráð fyrir verulegri hækkun tekna ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga og félaga frá fjárlögum 1975 eða úr 443 mkr. í 952 mkr.

Allt frá því að aðalmat fasteigna 1970 tók gildi hefur matsverðmæti fasteigna til eignarskattsálagningar verið óbreytt, þrátt fyrir verulegar hækkunir á gangverði fasteigna í landinu almennt, en matsgrundvöllur aðalmatsins miðast við verðlag um áramót 1969/1970. Frumvarp þetta er forsenda aukningar tekna ríkissjóðs af eignarskatti og eru ákvæði þess um hækkun fasteignamats til eignarskatts sambærileg að efni til við bráðabirgðaákvæði í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972, með síðari breytingum um hækkun fasteignamats til notkunar samkvæmt þeim tilteknu lögum. Hefur það ákvæði gert kleift að hækka tekjur sveitarfélaga af fasteignasköttum í samræmi við almenna verðlagsþróun í landinu og tekjubörf sveitarfélaganna. Samhliða frumvarpi þessu er lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um skráningu og mat fasteigna. Samkvæmt því frumvarpi er gert ráð fyrir almennri hækkun fasteignamats á næsta ári á grundvelli framreikningsstuðla, sem yfirfasteignamatsnefnd ákveður, með gildistöku 1. des. 1976. Ákvæði þessa frumvarps miða að því að brúa það bil þar til að slíkri almennri hækkun fasteignamats kemur. Bent skal sérstaklega á að hækkun fasteignamats samkvæmt þessu frumvarpi hefur eingöngu áhrif til hækkunar fasteignamats til notkunar við álagningu eignarskatts en hefur að öðru leyti hvorki áhrif á matsfjárhæðir aðalmats 1970 né á notkun þess sem gjaldstofn annarra skatta og gjalda en eignarskatts. Lagt er til að fasteignamatið verði 2,7-faldað en það er sama hækkun fasteignamats og sveitarfélög nota til álagningar gjalda samkvæmt lögum nr. 11/1975.

Jafnframt þessari hækkun fasteignamats er lagt til að þrepin í eignarskattsstiga 1. mgr. 26. gr. laga nr. 68/1971, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972 verði hækkuð. Þannig greiðist enginn skattur af fyrstu 2 000 000 kr. skattgjaldseign í stað 1 000 000 kr. áður. Af skattgjaldseign á bilinu 2 000 000 kr. til 3 500 000 kr. greiðist 0,6%, en samkvæmt gildandi lögum er þetta hlutfall heimt af skattgjaldseign á bilinu milli 1 000 000 kr. og 2 000 000 kr. Af skattgjaldseign umfram 3 500 000 kr. greiðist 1% en nú greiðist þetta hlutfall af skattgjaldseign umfram 2 000 000 kr. Er áætlað að samanlögð áhrif af hækkun fasteignamatsins og hækkun skattstigans veiti ríkissjóði þann tekjuauka sem fjárlög gera ráð fyrir.